



Fréttatilkynning  
30 December 2024 09:00:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 52

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 17. desember 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Í viku 52 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 642.658 eigin hluti að kaupverði alls kr. 79.833.263 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Í viku 52 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 642.658 eigin hluti að kaupverði alls kr. 79.833.263 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tímasetning viðskipta	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
23.12.24	14:38:02	200,000	124,00	24.800.000	104.933.199
23.12.24	14:52:14	230,000	124,00	28.520.000	105.163.199
27.12.24	12:03:43	150,000	125,00	18.750.000	105.313.199
27.12.24	13:56:25	50,000	124,00	6.200.000	105.363.199
27.12.24	14:30:00	12.658	123,50	1.563.263	105.375.857
	<b>Samtals</b>	<b>642.658</b>		<b>79.833.263</b>	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 52 átti bankinn 104.733.199 hluti, sem nemur 5,24% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 1.932.658 hluti, sem nemur 0,10% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 237.192.013 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 18. desember síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 28. febrúar 2025.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 105.375.857 eigin hluti eða sem nemur 5,27% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning  
30 December 2024 09:00:00 GMT

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

**Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 52](#)